

178 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Einars Einarssonar, 12. nóv. bónda á Egilsstöðum, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 12. nóvember 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Einars Einarssonar, bónda á Egilsstöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Einars Einarssonar, bónda á Egilsstöðum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf frá Helgu Hannesdóttur á Egilsstöðum, að upphæð kr. 500.00, til minningar um mann hennar, Einar Einarsson, bónda á Egilsstöðum í Villingaholtshreppi.

3. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða. Til 10. október árið 1980 skulu vextir lagðir við höfuðstól, en eftir þann tíma $\frac{1}{4}$ vaxtanna, þar til vextirnir nægja til lýsingar Villingaholtskirkju.

4. gr.

Frá og með 10. október 1980 skal þrem fjórðu vaxtanna varið til lýsingar Villingaholtskirkju, þar til vextirnir nægja til lýsingar, en þaðan af má verja þeim öllum til lýsingar kirkjunnar. Verði afgangur af vöxtunum skal leggja þá við höfuðstólinn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins hafa með höndum sóknarprestur og sóknarnefnd Villingaholtskirkju. Skulu þeir gera reikning sjóðsins og senda hann með kirkjureikningum til prófests til endurskoðunar.

6. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður á tryggum stað.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast staðfestingar forseta Íslands.